

## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur nr. 15, haldinn þriðjudaginn 29.10.2013 kl. 17:30 á Kjóavöllum.

Mætt til fundarins voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þorvaldur Sigurðsson, Guðmundur Hagalínsson, Ingibjörg G. Geirsdóttir, Hannes Hjartarson, og Hermann Vilmundarson sem ritaði fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar.  
Samþykkt
2. Haustfundur.  
Stefnt að því að halda haustfund þriðjudaginn 19.nóv. Hugmynd að dagskrá er eftirfarandi:
  - a.Kynning á lógói félagsins
  - b. Staða á framkvæmdum.
  - c.Fjárhagsstaða.
  - d. Nefndarstörf/vetrarstarfið
3. Vsk. mál.  
Samningar við Kópavogsbæ eru í sjónmáli, væntanlega undirritaður í vikunni.
4. Reiðskólinn.  
Lögð fram skýrsla frá Ragnhildi Helgadóttur vegna reiðskóla Sprettis 2013. Stjórn Sprettis er jákvæð gagnvart þessari skýrslu, RH ætlar að senda ýtarlegri greinargerð varðandi, það sem betur má fara í framtíðinni, vegna reksturs reiðskóla á athafnasvæði hmf. Sprettis.
5. Skipulagsmál.  
SS/ÞS fóru á fund Gunnars Einarssonar bæjarstjóra Garðabæjar og tók hann jákvætt í vegagerð en sagði að ekki yrði farið í vegagerð nema að fyrirséð væri að úthlutað verði lóðum undir hesthús. Lögð fram fyrirspurn frá SLS Kóp um hvaða tími væri hentugastur til að loka reiðstíg fyrir ofan Boðarþing vegna undirganga smíði á Leiðarenda (nýr vegur í Guðmundarlund) samþykkt að best væri að loka reiðstígnum í byrjun árs enda verði umferð stöðvuð um Landsenda í Guðmundarlund eigi síðar en 15.mars
6. Starfsmannamál.  
HH upplýsti að ekki hefði náðst í Bjarna Ásgeir Jónsson og málið því á sama stað og á síðasta fundi. GH falið að kanna sitt bakland m.t.t ráðningar starfsmanns fyrir félagið
7. Fundur TT nefndar mánudaginn 21.10. 2013 og bréf Tölvunefndar.  
SS falið að svara þessu bréfi fyrir hönd stjórnar. Mun senda bréf á stjórn til samþykktar áður en það verður sent út.
8. Önnur mál.
  - a.Bréf frá Höllu Maríu Þórðardóttur  
ÞS falið að svara þessu bréfi fyrir hönd stjórnar. Mun senda bréf á stjórn til samþykktar áður en það verður sent út.
  - c.Fyrirspurn frá Sigfúsi  
SS og ÞS fara með þessar spurningar á fund hjá Kóp/Gbæ
  - d.Umræða um raflagnateikningar í reiðhöll. Þorsteinn Pálsson félagi í Spretti hefur verið aðal „teikningarýnir“ félagsins í raflagnahönnun nýju reiðhallarinnar og lýsir stjórn Sprettis fullum stuðningi við hans störf í þeirri vinnu.  
Fleira ekki gert fundi slitið kl 19:40